1805214 4/9/18




AFSTÖÐUMYND 1:500

Samþykkt þann
10. okt. 2018
Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði

## Byggingalýsing:

Um er að ræða breytingar á innra skipulag, útlitii og skráningu hússins.. Í húsinu er rekin verslun og þjónusta með innflutningi og samsetningu á gluggum. 14 bílastæði eru merkt á lóð, þar af eitt ætlað hreyfihömlu'ðum. 2 sorpgámar eru inni á lóð.

Breytingin nú felst í því að innra skipulagi hússins er breytt, sem og gluggaskipan í útliti.

Burðarvirki:
Húsið er hefðbundið staðsteypt hús, með límtrés þaki.

*Einangrun:*
Húsið er einangrað með hefðbundnum hætti, steyptir útveggir að innan með polystyren einangrun með múrhúð yfir, og þak með steinull.

Yfirborð útveggja og þaks:
Yfirborð þaks er klætt með stálklæðningu. Útveggir eru klæddir sléttri múrklæðningu.

Gluggar og hurðir:
Gluggar eru ál/timburgluggar. Göngu og innkeyrsluhurðir eru úr áli.

Sorp:
Sorpgámar eru staðsettir á baklóð.

Lagnir og loftræsting:
Í lóð og við hús eru regnvatnslagnir með hefðbundnum hætti. Neysluvatnslagnir í húsinu verða að mestu leyti sýnilegar utanáliggjandi lagnir. Húsið er upphitað að mestu leyti með hefðbundnu ofnakerfi. Neysluvatnslagnir í byggingunni eru ýmist álpex, eða stállagnir. Í byggingunni verða inn og útsogskerfi til loftræstingar í samræmi við starfsemi. Loftræsa skal öll gluggalaus rými samkv. ákvæðum byggingarreglugerðar.

Stærðir:
*Lóðarstærð:* 1.381,0 m²
Brutto flatarmál húss nr 20: 480,0 m²
Brúttó rúmmál húss nr.20: 1.981,2 m³
Nýtingarhlutfall: 0,35

Bílastæðabókhald:

Alls eru 14 stæði merkt á lóðinni. Bílastæðisþörf fyrir bygginguna er skipt upp eftir eðli starfsemi sem þar fram fer. Miðað er við birt flatarmál þ.e brutto flatarmál séreigna. Birt stærð byggingarinnar (mhl 01) er 480,0 m². Krafa byggingarreglugerðar fyrir atvinnuhúsnæði er 1 stæði fyrir hverja 50 m² húsnæðis.

Bílastæðisþörf er eftirfarandi: 480/50= 10 stæði

**ALLAR TEIKNINGAR ERU UNNAR EFTIR SAMÞYKKTUM UPPDRÁTTUM FRÁ 14.10.2009.**

## BRUNAVARNIR:

Eftirfarandi brunahönnun og brunavarnalýsing er gerð af Brunahönnun slf í apríl 2018 fyrir Kaplahraun 20, Hafnarfirði, verk nr. 18-155. Um er að ræða uppfærslu á brunahönnun vegna breytinga á eldra húsi, lausnir eru skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013 með síðari breytingum.
Ekki er um að ræða frekari brunahönnunarskýrslu.

Flokkun og notkun byggingar:
Byggingin verður í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð.
Um er að ræða iðnaðarhúsnæði, geymslur og skrifstofur.

Brunahólfun
Byggingin er eitt meginbrunahólf um 480 m2 en skiptist í nokkur brunahólf.
Hvert iðnaðarbil og tengd rými eru sér brunahólf.
Sýningarsalur ásamt tengdum rýmum eru eitt brunahólf.
Kaplahraun 20 er hólfað frá Kaplahrauni 22 sem er sambyggt hús með steinsteyptum útvegg sem er talin vera a.m.k. REI90.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja talin vera a.m.k. R90 (steinsteypt).
Brunamótstaða burðarvirkis þaks er talin vera a.m.k. R60.

Klæðningar
Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501.
Innanhúsklæðningar verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Utanhúsklæðningar eru í flokki 1.
Upphengd loft verða úr A-efnum.
Þakklæðningar eru í flokki B(roof) (t2).

Flóttaleiðir
Hvergi er lengra en 25 m í næsta útgang.
Frá iðnaðarbílum eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir, báðar eru beint út.
Frá sýningasal og tengdum rýmum eru a.m.k. tvær óháðar flóttaleiðir, önnur er beint út, hin er út í gegnum fundarherbergi og þaðan beint út.

Reykskynjarar
Reiknað er með stökum reykskynjurum í húsið. Reiknað er með a.m.k. einum reykskynjara í eldhús, og sýningarsal og ásamt tveim skynjurum í iðnaðarrými og lagerrými (hvert rými).

Reyklosun
Reyklosun frá vinnusvæðum er um stórar vinnuhurðir og glugga.

Brunaslöngur og slökkvitæki
Brunaslöngur eru í byggingunni skv. ÍST EN 671 sbr. teikningar. Slökkvitæki skv. ÍST EN 3 skulu m.a. staðsett við brunaslöngur, t.d. 9 L léttvatn og 5 kg kolsýra við rafmagnstöflur. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslanga og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum og 0,5 lux á iðnaðarrými og sýningarsal.
Útljós verða sett upp við útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn
Aðkoma er góð að byggingunni frá Kaplahrauni. Reiknuð slökkvivatnsþörf skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar er um 1850 l/mín.

TÁKN:

| | |
|---|---|
| EI-60 | Brunamótstaða viðkomandi byggingarhluta |
| ECS-30 | Brunamótstaða viðkomandi byggingarhluta |
| R | Reykskynjari |
| BO | Björgunarop |
| VLR | Vélræn loftræsting |
| BSL | Brunaslanga |
| → | Út og neyðarlýsing |

03.09.2018
SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS bs.

www.brunahonnun.com
BRUNAHÖNNUN
20 ára reynsla

Digitally signed by Gunnar H Kristjansson
DN: cn=Gunnar H Kristjansson gn=Gunnar H Kristjansson c=Iceland l=IS o=Brunahonnun slf e=gunnarbruni@gmail.com
Reason: I have reviewed this document
Location:
Date: 2018-06-26 16:10Z

BREYTING 24.04.2018:
BREYTT INNRA SKIPULAG OG BREYTT GLUGGASKIPAN.
SKRÁNINGU RÝMISNÚMERA BREYTT.
NÝ BYGGINGAR OG BRUNAVARNARLÝSING.


**mansard**
teiknistofa ehf
Suðurlandsbraut 30 - 108 Reykjavík
www.mansard.is - jonhrafn@mansard.is
Kt.: 570394-2079 - s:862-7102


| | | |
|---|---|---|
| Verkheiti: KAPLARAUN 20, HAFNARFIRÐI | | |
| Efni: AÐALUPPDRÆTTIR MHL 01 AFSTÖÐUMYND, BYGGINGARLÝSING | | |
| Verknúmer: A-18-03-02 | Mkv.: 1:500 | A2 |
| Teikn. nr.: AF-001 | Dags.: 24.03.2018 | |
| Hannað: JHH | Teiknað: JHH | |
| Jón Hrafn Hlöðversson byggingafræðingur BFÍ Kt.: 260662-6519 | | |
| Samþykkt: | | |